



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 17. júlí 2023 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir, Íva Rut Viðarsdóttir og Einar Gíslason.

1. Stofnun nýs Landsmótsfélags

Eftirfarandi aðilar eru í undirbúningsstjórn að LM2024.

- Hjörtur Bergstað, fulltrúi Fáks
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fulltrúi Spretts
- Guðni Halldórsson, formaður LH og fulltrúi stjórnar LH í LM2024.

Samþykkt var á fundi þessara aðila um mánaðarmótin félag um LM2024 myndi óska eftir því að Fákur og Sprettur myndu leggja til félagsins 2 milljónir hvort. Þá var sótt um lán til Landsmóts ehf. að upphæð 2 milljónir sem verður endurgreitt að móti loknu 2024, var það lán samþykkt 13. júlí síðastliðinn.

Stjórn samþykkir samhljóða að lána 2 milljónir til nýstofnað félags.

2. Framkvæmdir á félagssvæði fyrir LM2024

Framkvæmdastjóri kynnir helstu viðhaldsframkvæmdir sem þarf að ráðast í fyrir Landsmót 2024. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Viðhald á skeiðbraut gegnt Félagsheimili
- Viðhald á Hvammsvelli
- Viðhald á upphitunaraðstöðu
- Endurnýjun á aflstreng við Hvammsvöll og kynbótavöll.

Framkvæmdastjóri mun óska tilboða í ágúst og gera verkáætlun fram að Landsmóti.

3. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Það er hugur stjórnar að Fákur verði fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ. Uppfylla þarf ýmiss skilyrði sem hægt er að finna á vefsíðu ÍSÍ.

Stjórn felur Sigrúnu og Vilfríði að kynna sér þessi skilyrði og vinna að því að Fákur verði fyrirmyndarfélag fyrir áramót.

4. Beitarhólf í Almannadal

Stjórn kynnir nýjasta deiliskipulag hestahúsabyggðar á Hólmsheiði og nýtt beitarhólf vestan við Almannadalsgötu. Fákur mun greiða fyrir girðingarefni í þessu hólf.

5. Afnotaleyfi

Framkvæmdastjóra er falið að sækja um afnotaleyfi fyrir túnin og kerrusvæðið til Reykjavíkurborgar.



Stjórn samþykkir jafnframt að auglýsa að allar girðingar í Víðidal skulu vera teknar niður fyrir 1. október 2023.

6. Reykjavíkurmestaramót bráðabirgðaruppgjör

Framkvæmdastjóri kynnir bráðabirgðauppgjör.

7. Tjaldvæði í Víðidal

Formaður hefur verið í samskiptum við Reykjavíkurborg um möguleika þess að setja útbúa tjaldsvæði í Víðidal sem opið væri yfir sumarmánuðina.

Formanni er falið að ræða frekar við borgina um fyrirkomulag og kynna fyrir stjórn.

8. Önnur mál

Ekki var fleira rætt.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason